

# Nesfréttir

JANÚAR 2018 • 1. TBL. • 31. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



**Hádegistilboð**

**LÍTIL PIZZA**  
af matsæli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

**MIÐSTÆRÐ**  
af matsæli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP [WWW.DOMINOS.IS](http://WWW.DOMINOS.IS)



Sr. Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur í Seltjarnarneskirkju hélt smá helgistund áður en hlaupararnir lögðu af stað í kirkjuhlaupið.

## Metþátttaka í kirkjuhlaupinu

Hið árlega kirkjuhlaup fór fram annan í júlum 26. desember og hófst með helgistund í Seltjarnarneskirkju.

Eftir að hlaupa að 12 kirkjum á höfuðborgarsvæðinu komu hlauparar í kirkjuna aftur og þágu heitt súkkulaði og smákökur í safnaðarheimilinu í boði Friðriks í Melabúðinni. Þátttaka í kirkjuhlaupinu setti nýtt met, en alls voru þátttakendur 260 eða um 20 fleiri en á síðasta ári sem var fyrra met. Í safnaðarheimilinu lék Dýri Guðmundsson á gítar og munnhörpu á litlu svölunum gestum til óblandinnar ánægju.

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
**Á EIDISTORGI**  
**HAGKAUP**

SELTJARNARNESBÆR

[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

**Erum á Óðinsgötu 1**  
Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](https://facebook.com/Systrasamlagid)  
Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)

**FUNDIÐ FÉ**

Nýr miði!

HAPPA PRENNAN  
Skemmtilegt að skafal

- Viðtal við  
Bryndísi Ploder  
- bls. 10-11



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka  
er endurgjaldslaust til ársloka

  
Íslandsbanki

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMÆÐUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMÆÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Bókasafnið - menningarmiðstöð

Starfsfólk Seltjarnarnesbæjar hittist í kaffi í bókasafni Seltjarnarness á döggum en sú venja hefur skapast að starfsfólk fari í kaffi á vinnustaði hvors annars með reglulegu millibili. Þessi venja hefur mælst vel fyrir og með henni kynnast vinnufélagar betur þegar um margar starfsstöðvar er að ræða og fólk deilir ekki samskiptum daglega.

Vel til fundið var að mæta í kaffi í bókasafnið. Þar er mjög góð aðstaða til mannfagnaða af þessu tagi og á myndum hér í blaðinu er ekki annað að sjá en vel hafi farið á með fólki og um mannskapinn.

Áundanförnum árum hefur safnið verið að þróast úr útlánstofnun á bóka yfir í alhliða menningarmiðstöð. Reglulega er efnt til menningarviðburða í safninu, tónleika, bóka- og höfundakynninga og margs fleira. Þá er gallerí Gróttu hluti af safninu þar sem listsýningar eru stöðugt uppi.

Þá er skemmtilega skipulagt barnasvæði í safninu og einnig aðstaða fyrir fólk til þess að stunda vinnu sína. Annað þarf ekki en að taka fartölvu með sér eða spjaldtölvu og nettinging er fyrir hendi.

Að síðustu er full ástæða til þess að geta um hjart og rúmt svæði áfyrir fólk sem vill koma og fá sér kaffisopa, spjalla við annað fólk eða líta í blöð og bækur. Þar vantar ekkert annað en að í framtíðinni mætti koma upp kaffivél þar sem hægt væri að búa til fleiri kaffitegundir en hinn gamla en sívinsæla uppáhelling.

Bókasafnið er nokkuð sem Seltirningar ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

## Breytt gönguleið við Íþróttamiðstöðina

- breytingin varir meðan á framkvæmdum stendur



Brátt hefjast framkvæmdir við stækkun íþróttamiðstöðvar Seltjarnarnesbæjar og er það Byggingafyrirtækið Munck Íslandi ehf. sem er framkvæmdaaðili. Á meðan að á framkvæmdatímanum stendur þarf að loka hefðbundinni gönguleið barnanna frá Mýrarhúsaskóla og að íþróttamiðstöðinni. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja öryggi barnanna og annarra gangandi vegfarenda. Ný gönguleið nemenda skólans verður því afmörkuð um göngustíg sem liggur um lóðirnar Hrólfsskálamel 2 til 8 og 10 til 18.

Á myndinni sést nýja gönguleiðin merkt með gulu. Núverandi inngangi inn í íþróttamiðstöðina verður lokað og nýr inngangur verður í gegnum sundlaugina (sjá hring), meðan á framkvæmdum stendur. Um leið og húseigendur og vegfarendur eru beðnir forláts vegna þeirrar truflunar sem framkvæmdirnar og notkun vinnuvéla mun hafa í för með sér eru þeir vinsamlegast beðnir um að taka sérstakt tillit til aðstæðna. Eigendum bifreiða er bent á að nýta sér bílastæði við leikskóla, Valhúsaskóla og heilsugæslu sem og taka tillit til gangandi umferðar.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband  
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



## Magnús Örn Guðmundsson

- › Lægri skattar
- › Framúrskarandi skólar
- › Íþróttá- og tómstundastarf í sérflokk
- › Skynsemi í skipulags- og umferðarmálum
- › Velferð eldri borgara
- › Einföld, gagnsæ og skilvirk stjórnsýsla



Prófkjör Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar á Seltjarnarnesi næsta vor fer fram laugardaginn 20. janúar 2018. Kosid er í Sjálfstæðishúsinu við Austurströnd 3 kl. 10-18. Taktu þátt í að stilla upp sigurstranglegum framboðslista.



## Búið að selja 12 íbúðir af 16 í Suðurmýri

Samkvæmt heimildum Nesfrétta er búið að selja 12 af þeim 16 íbúðum sem eru í byggingu í Suðurmýri á lóðinni þar sem Stóri og litli Ás stóðu en þau hús höfðu verið dæmd ónýtt og einungis til niðurriffs. Um er að ræða fjögur hús sem standa hver sér á sameiginlegri lóð. Mikið var lagt í hönnun húsanu og eru allar með þremur gluggahlíðum, húsin eru einangruð að utan og klædd með viðhaldsléttir áklæðningu. Húsin eru staðsteypt og með steyptri, hallandi þakplötu með dúk undir tyrftu þaki. Nýting er sérlega góð á fermetrum og allar íbúðirnar mjög bjartar.

Með byggingu íbúðanna í Suðurmýrinni er verið að kom til móts við þá þörf sem er fyrir minni íbúðir. Íbúðirnar eru í stærðum frá 50 til 90 fermetrar, tveggja til fjögurra herbergja og geta bæði hentað fyrir yngra fólk sem ef til vill er að festa sér sína fyrstu eign og ekkert síður eldra fólk sem er að leita eftir að fá sér minna húsnæði. „Við skiptum þessu niður í fjögur tveggja hæða hús sem eru töluvert lægri en gamli Stóri Ás var og höfum gætt þess að hafa góð opin rými á milli. Við höfum einnig reynt eftir fremsta megni að aðlaga þetta nýja byggingaumhverfi að götumyndinni við Nesveginn,“ sagði Þorvarður Gísli Guðmundsson framkvæmdastjóri Fag Bygg í samtali við Nesfréttir þegar verkið var að hefjast og bæri við í gamansömum tón að þeir hafi fundið eina fjallið í mýrinni en tilvist klapparinnar sem húsin standa á skýri trúlega að þarna hafi verið byggð tvö hús á sínum tíma sem stóðu nokkuð utan annarrar byggðar. Þau hafi einfaldlega verið reist á klöpp inn í miðri mýri.

## Seltjarnarnesbær sýnir ráðstöfun skatttekna

Bókhald Seltjarnarnesbæjar var opnað þann 15. janúar sl. með aðgengilegri veflausn. Það þýðir að íbúar geta til dæmis skoðað hvernig sköttunum er helst skipt upp og ráðstafað. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við KPMG og sækir forritið upplýsingar í bókhaldskerfi bæjarins.



Ásgerður bæjarstjóri lýsir ánægju sinni með þennan áfanga, segist fagna því að bærinn muni birta þessar upplýsingar á heimasíðu bæjarins fyrir alla að skoða. Þetta verklag muni enn fremur auðvelda stjórnendum hjá bænum að bera sína stofnun saman við aðra í margvíslegum þáttum.

„Þetta eykur gagnsæi og upplýsingagjöf til bæjarbúa, sem nú geta fylgst með breytingum innan fjárhagsáætlunarinnar ár hvert. Fólk mun til að mynda geta skoðað rekstur einstakra stofnana í bænum t.d. grunnskóla og stjórnsýslu svo eitthvað sé nefnt. Hægt verður að skoða upplýsingar um heildar vörukaup, þjónustukaup af tilteknum aðilum, helstu birgja og lánardrottna svo eitthvað sé nefnt. „

„Þetta er mikið framfara skref“ segir Ásgerður enn fremur og vonar að íbúar verði virkir í að fylgjast með og skoða ráðstöfun fjármagnsins hjá bænum.

## Þjónusta aukin og gjaldskrá breytt

Í byrjun árs tóku í gildi umfangsmiklar breytingar og aukin þjónusta hjá Strætó bs. sem og gjaldskrárbreytingar. Ítarlega er fjallað um breytingarnar á [www.straeto.is](http://www.straeto.is) en þær helstu eru þó eftirfarandi:

- Leið 6 verður stytta og mun aka á 10 mínútna tíðni á annatímum. Sama fyrirkomulag hefur verið á leið 1 í rúmt ár og hefur það reynst mjög vel.
  - Þjónustutími verður lengdur á leiðum 1, 2, 3, 4, 5, 6, 11, 12, 15 og 18 til klukkan 01:00 á kvöldin.
  - Sex leiðir verða í næturakstri úr miðbæ Reykjavíkur aðfaranætur laugar- og sunnudaga. Leiðirnar verða eknar á um klukkutíma fresti frá klukkan 01:00 til 04:30. Leið 111 ekur frá miðbæ Reykjavíkur með viðkomu á Seltjarnarnesi.
  - Sumarið 2018 verður engin sérstök þjónustuskerðing yfir sumartímam ein og tíðkast hefur síðastliðin ár.
- Helstu gjaldskrárbreytingar Strætó bs. sem tóku gildi þann 3. janúar sl. eru á þann veg að:* Gjaldskrá hækkar að meðaltali um 4,9%. Almennit staðgreiðslugjald og stakt fargjald í appinu er núna 460 kr. eftir breytingu. Afsláttarfargjöld fyrir börn, aldraða og öryrkja er núna 220 kr.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í  
FRÍA TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



**Framrúðuskipti**  
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



**Mössun / snyrting á lakk**  
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



**Dekkjáþjónusta**  
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



**Rétting og máling**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



**Bílaþvottur / djúphreinsun**  
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



**Innréttingar / áklæði**  
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



**Smáviðgerðir**  
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is) • [www.tjon.is](http://www.tjon.is)



# VETRAR HÁTÍÐ

1.-4. FEBRÚAR '18

## VETRARHÁTÍÐ Á SELTJARNARNESI

Vetrarhátíð verður að vanda haldin hátíðleg um allt höfuðborgarsvæðið fyrstu helgina í febrúar og að sjálfsögðu líka hjá okkur á Seltjarnarnesinu. Við setningu hátíðarinnar, fimmtudaginn 1. febrúar, verða fjölmörg mannvirki á Nesinu lýst upp með norðurljósagrænum ljósum, einkennislit hátíðarinnar.

Á Safnanótt, föstudaginn 2. febrúar verður metnaðarfull dagskrá á bókasafninu allt kvöldið og stemningin verður alls ráðandi á Sundlauganótt í Sundlaug Seltjarnarness laugardaginn 3. febrúar.

**Allir velkomnir og allt ókeypis!**

### Safnanótt á bókasafninu

SKRÍMSLANammi – SKRÍMSLABækur – SKRÍMSLAFöndur

**Föstudaginn 2. febrúar kl. 18.00 – 23.00**

**18.00 Skólalúðrasveit Seltjarnarness opnar Safnanótt**

Klára krakkarnir hans Kára spila nokkur lög og koma öllum í gírinn.

**18.00 og 21.00 Skrímslasmiðja**

Ásdís Kalman aðstoðar börnin við að fönndra skritin og skemmtileg skrímsli.

**18.15 – 19.15 Skrímslabíó**

**18.30, 19.00 og 19.15 Skrímslasögustund í Skrímslaskeifu**

**19.00 og 21.00 Leiðsögn um sýninguna Vetrarmyndir**  
Sigurborg Stefánsdóttir listamaður býður í leiðsögn um sýningu sína Vetrarmyndir.

**19.00 Arnaldur Halldórsson – Jólástjarna Björgvins 2017**

Seltimungurinn ungi tekur lagið bæði einn og með félögum sínum, Jóni Orra og Stefáni Aðalgeir í rapphljómsveitinni Pöndunum.

**19.15 Dregið í Safnanæturhappdrætti fyrir yngstu kynslóðina**

Verðlaun: Bókin Skrímsli í vanda eftir Áslauga Jónsdóttur, Kalle Güettler og Raket Heimsdal.

**19.30 DJ Dóra Júlía**

Einn heitasti DJ landsins keyrir upp stemninguna fyrir unga sem aldna.

**21.00 Dregið í Safnanæturhappdrætti ungmenna**

Verðlaun: Bókin Galdra-Dísa eftir Gunnar Theódór Eggertsson.

**21.15 Klepparakeppni krakkanna**

Fyrir alla sem kunna kleppara og þora! Klepparakennd verðlaun.

**21.15 Magnaða hljómsveitin Byzantine Silhouette eða Skuggamyndir Býsans**

Hljómsveitin hefur vakið mikla athygli fyrir eldfjöruga tónlist frá Balkanskaganum. Hún er skipuð snillingunum Hauki Gröndal, Ásgeiri Ásgeirssyni, Þórgrími Jónssyni og Erik Qvick.

**22.15 Dregið í Safnanæturhappdrætti fullorðinna**

Verðlaun: Bókin Skuggarnir eftir Stefán Mána

Rauða Ljónið tekur þátt í Safnanótt og býður kostakjör á veitingum fyrir börn og fullorðna!

### Sundlauganótt í Sundlaug Seltjarnarness

Viltu veltast um í vatnaboltum, dilla þér við dúndrandi danstónlist, syngja hástöfum eða slaka á með lifandi ljóskyndla allt umlykjandi?

**Laugardaginn 3. febrúar kl. 18.00 – 22.00**

**18.00 - 22.00 Tónlist, gleði og gaman**

Tónlistin verður alls ráðandi þetta kvöld; diskó, rómó og slow-mo.

**18.00 - 20.00 Vatnaboltar**

Algjörlega einstakt tækifæri til að veltast um sundlaugina í vatnaboltum.

**20.00 - 21.00 Zumba í sundi**

Dúndrandi stuð og stemning í vatnazumba sem hentar öllum, ungum sem öldnum.

**21.00 - 22.00 Sundlaugaflot**

Fátt er notalegra en að láta líða úr sér þegar að dagur er að kveldi kominn. Sundlaugafлот í Seltjarnarneslaug er sannarlega rétti vettvangurinn enda laugin afar vinsæl hjá „floturum“.

**LJÓSMYNDASKÓLINN**

Áhrifamikil sýning útskriftarnema Ljósmyndaskólans verður opin í Læknaminjasafninu alla Vetrarhátíðardagana og á Safnanótt verður opið til kl. 22.00 með ýmsum óvæntum uppákomum.

Nánari upplýsingar á seljarnarnes.is og vetrarhatid.is

Birt með fyrirvara um að tímasetningar í dagskránni geti örlítið breyst.

VETRARHATID.IS

#VETRARHATID

orkusalan



HLJÓÐX



REYKJAVÍK  
LOVES

#reykjavikloves



**Sigrún Edda Jónsdóttir**  
2.-3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisfélags Seltirninga



## Starfsmenn bæjarins kíkту í kaffi á bókasafnið

Öðru hverju er sá hátturinn hafður á að mismunandi stofnanir bæjarins bjóða öllum starfsmönnum að kíkja í kaffi til sín.

Markmiðið er að gefa fólki tækifæri á að hittast og efla tengslin þar sem að starfsemi bæjarins er staðsett á mismunandi stöðum í bænum. Nú í janúar var það bókasafnið sem bauð heim og var það flottur hópur starfsmanna sem sá sér fært að kíkja í kaffi og spjalla. Fastagestum safnsins var auðvitað boðið líka upp á hjónabandssælu og kleinur með kaffinu.

## Fyrirlestrar um jákvæð samskipti

Í nýlega kom til Grunnskóla Seltjarnarness Pálmar Ragnarson og hélt fyrirlestra um jákvæð viðhorf og samskipti fyrir nemendur í 4. - 10. bekk.

Þetta voru mjög skemmtilegir fyrirlestrar sem örugglega munu gagnast krökkunum í samskiptum sín á milli. Foreldrafélag skólans hafði veg og vanda af þessum fyrirlestrum og þökkum við þeim kærlega fyrir.



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIÐURINN HF**

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA  
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Kjötkompaní

# BÓNDADAGS

## TILBOÐ

GILDIR FRÁ 19 - 20 JAN

**NAUTAHAKK 5 KG Í KASSA**

Verð 1.490 kr kg (kassinn 7.450 kr)

**VÖRUR Á 20% AFSLÆTTI**

Nautamínútusteik í hvítlauk og pipar

Nauta rib eye, 30 daga hangið

Lamba rib eye í sítrónusmjör kryddlegi

Hafnarfjörði & Grandi



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



kjotkompani

# Seltirningar ánægðir með bæjarfélagið

Á Seltjarnarnesi eru 92% íbúa ánægðir með búsetuskilyrði bæjarfélagsins, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Gallup gerir meðal sveitarfélaga landsins. Þjónusta Seltjarnarness á heildina litið út frá reynslu og álitu íbúa nýtur verðskuldaðrar viðurkenningar, en Seltjarnarnesbær fær þar hæstu einkunn af þeim nítján sveitarfélögum sem borin eru saman. Á heildina litið er Seltjarnarnesbær oftast í efsta sæti meðal þessara stærstu bæjarfélaga landsins. Þessi jákvæða niðurstaða undirstrikar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er starfsfólki og stjórnendum bæjarins hvatning til að halda áfram á sömu braut. Seltjarnarnesbær leggur metnað sinn í að veita íbúum sínum góða þjónustu. Niðurstöður könnunar Gallups staðfesta að þau eftirsóknarverðu markmið eru að bera árangur.

## Ánægja barna- og fjölskyldufólks eykst

Bærinn fær hæstu einkunn meðal þeirra nítján bæjarfélaga landsins, sem könnunin nær til, þegar kemur að þjónustu við barnafjölskyldur í sveitarfélaginu. Seltjarnarnesbær hefur lagt áherslu á að vera leiðandi í skóla-, æskulýðs- og íþróttastarfi á landsvísu. Það hefur lagt metnað í jöfn tækifæri fyrir alla og samhliða stuðlað að bættum árangri og vellíðan skólakabarna.

## Menningarlífð í blóma

Bærinn fær einnig hæstu einkunn meðal þeirra nítján bæjarfélaga landsins, sem könnunin nær til, þegar íbúar Seltjarnarness láta í ljós ánægju sína með menningarlífi bæjarins og gefa því hæstu einkunn. Aukin áhersla hefur verið lögð á þann málaflokk undanfarin ár með jákvæðum árangri.

## Eldri borgarar una hag sínum vel

Ánægja eldri Seltirninga með þjónustu bæjarins mælist áfram há, á

landsvísu. Niðurstaðan endurspeglar festu í stjórnun þessa málaflokks en mikið kapp hefur verið lagt á að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við þá sjálfa með það að markmiði að þeir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili.

## Aðstaða til íþróttaiðkunar fyrsta flokks

Ánægja bæjarbúa á Seltjarnarnesi helst áfram í toppsæti þegar kemur að aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu, en þar lýstu 89% aðspurðra sig ánægða með aðstöðuna.

## Gæði umhverfis í hávegum haft

Það kemur ef til vill ekki á óvart en Seltjarnarnesbær er efst stiga meðal sveitarfélaganna þegar kemur að þjónustu í tengslum við sorphirðu. Enn fremur eru 83% íbúa eru ánægðir með gæði umhverfis í nágrenni við heimil sitt.

## Gott samstarf, betra samfélag

Bæjarstjórn og starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir hvaða þjónusta skiptir máli fyrir bæjarbúa og hefur sú stefna skilað bæjarfélaginu fyrsta sæti þegar kemur að spurningunni um þjónustustig bæjarins. Að baki þeirri aðferðafræði liggur sú sannfæring stjórnenda bæjarins að fyrirmyndar samstarf skili sér í betra samfélagi og hagkvæmari rekstri.

Ásgerður Halldórsdóttir,  
bæjarstjóri Seltjarnarness



Ásgerður  
Halldórsdóttir.



## Mínar síður á seltjarnarnes.is

Á vef Seltjarnarnesbæjar undir „mínar síður“ geta íbúar Seltjarnarnesbæjar:

- Skoðað álagningarseðil fasteignagjalda
- Skoðað alla þjónustureikninga sína
- Skráð sig í boðgreiðslu allra gjalda

Frá og með 1. janúar 2018 verða ekki sendir út greiðsluseðlar fyrir þjónustur bæjarins. Gjöld bæjarins verða innheimt í netbönkum. Íbúum er jafnframt bent á boðgreiðslur af greiðslukortum og á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is) eða í síma 5959100.



## SIGRÍÐUR SIGMARSÓTTIR



**3. SÆTI Í PRÓFKJÖRI  
SJÁLFSTÆÐISFÉLAGS SELTJARNARNESS  
LAUGARDAGINN 20. JANÚAR 2018**



Auglýsingin er birt með fyrirvara um prentvillur og/ða myndabrengl. Tilboð gildir 17. - 24. janúar.

# 25%

afsláttur af allri **GJØCO**  
innimálningu Litur#373  
Tindablátt



Skoðaðu nýja Gjæco  
litabæklinginn á byko.is



## OPID

VIRKA DAGA 8-18  
LAUGARDAGA 10-18  
SUNNUDAGA 11-17  
[WWW.BYKO.IS](http://WWW.BYKO.IS)



# BYKO GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!



# Get ekki annað en verið bjartsýn

**B**ryndís Ploder tók við starfsemi kaffihússins og ísbúðarinnar Örne á Eiðistorgi ásamt Árnýju Vigfúsdóttur í september á liðnu ári en hafði áður stafað þar um nokkurra mánaða skeið. Bryndís hefur starfað að rekstri og þjónustu kaffihúsa um árabil og er ein þeirra sem tekið hefur virkan þátt í þeirri byltingu sem orðið hefur í kaffimenningu hér á landi á síðari árum.

Margir minnst hennar frá Kaffitári í Bankastræti þar sem hún byggði upp lítið kaffihús að nútíma-fyrirmynd og ekki leið á löngu þar til gestir – bæði fastagestir og gestir og gangandi, morgunhanar sem síðdegisfólk fylltu litla kaffihúsið sem fljótlega þurfti að stækka um helming. Fljótlega fóru menn að koma með vinnutæki sín – fartölvur á kaffihúsið til hennar og þar hafa meðal annars verið skrifaðar nokkar skáldsögur. Þorgrímur Þráinsson rithöfundur sat þar löngum við skrifir og Gímur Atlason framkvæmdastjóri Iceland Airwais átti sér samastað á Tárinu í Bankastræti þegar hann sinnti störfum sveitarstjóra vestur á fjörðum og í Döllum. Sagðist ekki þurfa aðra vinnustofu í bæjarferðum.



Bryndís Ploder við kaffivélina í Kaffi Örne á Eiðistorgi.

Morgunhanaklúbburinn á Tárinu varð þekktur. Þar hittust ýmsir góðborgarar í gráma morgunsins og létu gaminn geisa um málefni dagsins og landsins gagn og nauðsynjar. Sumir þeirra eru farnir yfir móðuna miklu. Má þar nefna Árna Höskuldsson gullsmið, Gunnar Eyjólfsson leikara, Hauk Hjaltason framkvæmdastjóra

og Magnús Kjartansson myndlistarmann. Aðrir eru enn í fullu fjöri og eiga sitt horn hjá nýjum stjórnendum í Bankastrætinu. Á meðal þeirra eru Hilmar Einarsson í Morkinskinnu, Kristinn Jónsson prentari sem oft er kenndur við KR, Júlíus Hafstein sendiherra, Egill Ásgríms-son bólstari á Bergstaðastrætinu,

Gunnlaugur Jónsson verslunarstjóri og Þórður Búason fyrrverandi skipulagsstjóri á Seltjarnarnesi var stundum gestur í hópnum. Þegar Bryndís kvaddi Bankastrætið hét hún vestur í Þjóðminjasafn þar sem ákveðið hafði verið að opna nýtt kaffihús á Vegum Kaffi társ og naut hún þar reynslu sinnar til að byggja það upp



## Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni

- 1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu
- 2 Staflað þeim saman svo þær taki minna pláss
- 3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur
- 4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp

Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

frá grunni. Áður en hún kom til starfa hjá Örnunni hafði hún unnið að ýmum verkefnum fyrir Kaffitár einkum við uppsetningu nýrra kaffihúsa. En hvað kveikti kaffiáhugann hjá Bryndísi á sínum tíma.

### Sonja kveikti áhugann

“Þetta byrjaði þegar ég var að vinna í konditori inn á Suðurlandsbraut. Þangað var keypt ný kaffivél til að búa til kaffidrykki og Sonja Grant var fengin til þess að koma og kenna okkur á vélina og þjálfna í gerð kaffidrykkja. Sonja hafði þá starfað við þetta um tíma og kynnt sér hina nýju kaffimeningu sem var að ryðja sér til rúms mjög vel. Sonja hefur einstakt lag á að kenna fólki og þarna smitaðist ég algerlega af þessum kaffiáhuga. Ég varð kaffinu að bráð. Það varð ekki aftur snúið ef þannig má taka til orða.”

### Fædd og uppalin á Seltjarnarnesi

Bryndís er fædd og uppalin á Seltjarnarnesi. Hún er Austurríkismaður í aðra ættina og Íslendingur í hina. Faðir hennar var Hans Ploder ættaður frá Bruck an der Mur í Austurríki. “Faðir minn var einn þeirra tónlistarmanna sem kom hingað frá Evrópu um miðja síðustu öld. Hann kom til landsins í byrjun febrúar 1951. Hann hafði stundað tónlistarnám við tónlistarskólann í Graz og starfað þar við óperuna í nokkur ár. Hann ákvað að prófa að vera hér í nokkra mánuði og fékk stöðu fagottleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands sem var nýstofnuð auk þess að starfa í Þjóðleikhúsinu. Hann starfaði við alls konar uppfærslur, í óperum, kammermúsík, í barnaleikritum, beinni útsendingu í útvarpinu, líka ófáum barnaplötum. Hann stjórnaði Lúðrasveit Hafnarfjarðar í marga áratugi, útsetti og skrifaði nótur fyrir sveitina og einnig barnalúðrasveit Mýrarhúsaskóla, sem hann kenndi við í nokkur ár. Síðar starfaði hann með skólahljómsveitinni í Mýrarhúsaskóla sem var forveri þeirrar lúðrasveitar sem nú er starfandi á Nesinu. Verkefni hlóðust á hann og þótt hann hafi ekki viljað ákveða í byrjun hvort yrði hér áfram þá í lengdist hann. Hann kynntist líka móður minni Jóhönnu Kristínu Jónmundsdóttir og þau settust að hér á Seltjarnarnesi og eignuðust fimm börn.”

### Af fyrstu kynslóð Plodera hér á landi

“Ég er af fyrstu kynslóð Plodera hér á landi. Faðir minn var eini aðilinn úr þessari fjölskyldu sem flutti hingað. Hann kom á sínum tíma fyrir tilstilli Frans Mixa, Páls Pampiklers og Kristins Þ. Stephensen. Þá var nýlega

búið að stofna Sinfóníuna og vantaði hljóðfæraleikara því við áttum ekki langa tónlistarsögu að baki eða marga menntaða tónlistarmenn á þeim tíma. Eftir að pabbi hafði kynnst mömmu og ákveðið að setjast að hér á landi þá keyptu þau sér fohkelt hús við Vallarbrautina og fluttu inn í það hálfgerert eins og þá tíðkaðist. Ég man alltaf eftir fyrstu útdrygningunni því hún var sett saman úr mótatimbri. Þetta var stór fjölskylda, mikið um að vera og ekki hægt að gera allt í einu. Ég man eftir þegar við fórum til Austurríkis að heimsækja ömmu að þar þótti athyglisvert að vera með svona stóra fjölskyldu. Sjö manna fjölskyldur voru ekki algengar í Austurríki. Pabbi fór með Lúðrasveit Hafnarfjarðar og var farinn á undan okkur og það var held ég nokkurt afrek hjá mömmu að fara ein með okkur öll til Austurríkis á þeim tíma. Þá voru engin lágjaldaflugfélög og færri flugleiðir en eru í dag. Mig minnir að við höfum þurft að skipta tvisvar um flugvél á leiðinni en man ekki alveg lengur hvað leið við fórum – trúlega þó í gegnum Kaupmannahöfn.”

### Spilað í öllum herbergjum

Lét hann ykkur læra þýsku. “Við lærðum svona til að geta aðeins bjargað okkur og átt samskipti við fólk okkar í Austurríki. Pabbi átti alltaf svolitíði erfitt sjálfur með íslenskuna. Austurríkismenn tala aðra mállýsku en til dæmis norður Þjóðverjar sem eiga flestir mun auðveldara með að læra íslensku. Hann vildi þó halda sig við íslenskuna enda starfandi í íslensku umhverfi. En við þurftum öll að læra á hljóðfæri. Ekkert annað var í boði. Við vorum öll í tónlistarnámi. Okkur voru bara fengin hljóðfæri og sagt að spila og það var æft og spilað í

hverju herbergi á kvöldin. Mamma mátti þola þetta öll kvöld. Þetta var næstum eins og stórhljómsveit þegar best eða verst lét. Ekkert annað var til umræðu því pabbi stjórnaði lúðrasveitinni í Hafnarfirði og þangað fórum við með honum. Ég spilaði á horn og Björgvin bróðir spilaði á trompet. Hann spilar einnig á trommur og er meðal annars trommuleikari í Sniglabandinu.”

### Pabbi útsetti lagið Jólaljól

Var það þá hann sem spilaði trompetlínuna í jólalaginu þeirra Jólaljól þar sem trompetinn og tenórredd Stebba Hilmarsson voru látin hljóma saman í einu eftirminnilegasta jólalagi fyrir og síðar. “Já það var hann. Þeir unnu þetta saman. Voru búnir að mynda laglínuna og Skúli Gautason gerði textann að mig minnir. Björgvin fór svo með þetta til pabba og hann útsetti lagið og skrifaði það endanlega út fyrir þá. Þetta hefur ekki verið á vitorði margra en Hans Ploder útsetti lagið Jólaljól fyrir Sniglabandið. Pabbi tók líka upp alla tónleika Sinfóníunnar. Hann var að spila svo það kom í okkar hlut að sjá um græjurnar. Hann var búinn að útbúa allt í hendurnar á okkur þannig að við þurftum bara að kveikja og slökkva á bandinu þegar komu eyður. Hann sá svo sjálfur um að klippa þetta til á eftir. Við eigum allar þessar upptökur og spurning er hvað við getum gert við þær. Það yrði synd ef þær eyðilegðust.”

### Kom sér vel að vera handlaginn

Bryndís segir að á þessum árum hafi ekki verið auðvelt að fá fé til kaupa á hljóðfærum og þá hafi oft reynt á annan eiginleika föður síns. “Pabbi var einstaklega handlaginn og því kom oft til kasta

hans að laga hljóðfæri. Aðstaðan í Mýrarhúsaskóla var heldur ekki mikil. Mig minnir að tvö herbergi verið ætluð tónlistarkennslunni. Pabbi sá um málmblásturshljóðfærin en Hannes Flosason var með tréblásturshljóðfærin. Það gat komið sér vel að vera handlaginn þúsund þjala smiður í tónlistinni.”

### Er alltaf að sjá fleiri og fleiri Seltirninga hér

“Nei – ég bý ekki alveg á Nesinu. Ekki sem stendur en er í næsta nágrenni á Melunum. Ég labba oft hingað út eftir og eftir að byrja að vinna hér finnst mér ég vera komin heim. Orðin “Nesari” á nýjan leik. Mamma býr enn í gamla húsinu okkar við Vallarbrautina. Er vel ern og hress og ekur enn þótt komin sé yfir áttætt. Ég kem oft til hennar og svo býr elsti bróðir minn á Hrólfsskálamelnum. En aftur að Kaffi Örnunni. “Þetta gengur vel. Það tekur alltaf tíma að vinna svona stað upp en plássíð er hentugt og umhverfið er mjög gott. Ég er líka alltaf að hitta Seltirninga sem kom hingað. Sumir eru orðnir fastagestir en aðrir að koma í fyrsta eða annað skipti. Við erum líka í góðu samstarfi við Innovationhouse og fólk sem starfar þar og tengist frumkvöðlasetrinu. Við höfum nokkra sérstöðu því hér er að finna laktósafriar mjólkurvörur frá Örnunni sem gegna mikilvægu hlutverki ekki síst í ísnum. Hér er hægt að fá laktósafrián ís og einnig kökur og bakkelsi. Mér finnst viðtökur með þeim hætti að Seltirningum finnst gott að hafa fengið sitt eigið kaffihús. Við reynum líka að hafa þetta fjölskylduvænt. Og nú stefnum við að laga umhverfið hér fyrir utan þannig að það komi að góðum notum ekki síst á sólríkum sumardögum. Nei – ég get ekki annað en verið bjartsýn.”

## Skólabraut 3

170 Seltjarnarnes  
Íbúð fyrir 65 ára og eldri

Stærð: 57,2 fm  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 1982  
Fasteignamat: 27.250.000



Opíð Hús




Opíð hús sun. 21. jan. kl. 14.00-14.45

Verð: 34.900.000

RE/MAX Senter kynnr íbúð fyrir 65 ára og eldri að Skólabraut 3 á Seltjarnarnesi. Eignin er 2ja herbergja með útgengi út á suður-verönd með sjávarútsýni. Lyfta er í húsinu og gott aðgengi. Margvísleg þjónusta er í húsinu svo sem heitur matur, snyrtiþjónusta, tómstundastarf, jóga, dans, ferðalög og samkomusalur. Afar stutt er í íþróttamiðstöð með sundlaug og verslunarkjarnann að Eiðistorgi. Einnig stutt í Seltjarnarneskirkju. Allar nánari upplýsingar hjá Sigrúnu í síma 8640061.



Sigrún Gréta H.  
Lögg. fasteignasali  
**864 0061**  
sigrun@remax.is



# Öflugt skólastarf

Kæru Seltirningar ég hef í störfum mínum fyrir bæjarstjórn Seltjarnarness verið formaður skólanefndar og fylgst náið með skólanum okkar á Seltjarnarnesi. Við erum lánsöm að hafa grunnskóla í fremstu röð þar sem árangur nemenda hefur verið mjög góður. Grunnskóli Seltjarnarnes er einn af fáum skólum þar sem nemendur hafa bætt árangur sinn í Pisa könnunum milli ára sem er enn ein viðurkenningin á góðu starfi. Kannanir hafa jafnframt sýnt að nemendum líður vel í skólanum og hafa trú á eigin getu sem skiptir ekki síst máli. En það er ekki sjálfgefið að skólinn sé í þessari stöðu, þar skiptir lykilmáli okkar góða starfsfólk, sem hefur mikinn metnað fyrir skólastarfinu. Það



Sigrún Edda Jónsdóttir

á ekki einungis við um grunnskólann heldur einnig Leikskóla Seltjarnarness, Tónlistarskólann og Frístundamiðstöðina. Starfsfólkið í leikskólunum okkar hefur staðið sig vel í að halda uppi fullri þjónustu í einum fjölmennasta leikskóla landsins en aldrei hafa verið fleiri börn í skólanum en nú. Foreldrar geta treyst því að þjónustan sé ávallt til staðar og því að þar er unnið öflugt og metnaðarfullt starf sem stuðlar að þroska yngstu íbúanna. Okkur vantar enn aðeins upp á það að geta brúað bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavalar að fullu en stefnum ótrauð að því að það verði sem fyrst. Við bjóðum nú þegar upp á leikskóladvöl fyrir allt niður í 14 mánaða og höfum boðið upp á greiðslur til að mæta þeim úrræðum sem foreldrar geta nýtt sem ekki hafa fengið vist fyrir börnin á leikskóla. Það gerum við m.a. með niðurgreiðslum til dagmæðra og fyrir önnur leikskólaúrræði líkt og einkarekna leikskóla og ungbarnaleikskóla fyrir námsmenn. En við ætlum að ganga lengra og er sú vinna í gangi. Breytingar hafa verið gerðar á tómsundastarfi með nýrri frístundamiðstöð til að efla og bæta starfið. Öll þjónusta við börn og ungmenni utan skólatíma frá 6 ára aldri og til 16 ára + er þannig felld undir einn hatt hvort sem er að vetri eða sumri sem auðveldar samfellu. Auk þess var nýtt húsnæði tekið í notkun fyrir frístund yngstu hópanna í haust í húsnæði skólans. Tónlistarskólinn okkar heldur uppi öflugum tónlistaruppeldi en það eru ekki margir skólar sem geta státað af jafn háu hlutfalli nemenda úr hverjum árgangi í tónlistarnámi. Því má þakka metnaðarfullu og skemmtilegu starfi. Nú annað árið í röð er tónlistarnám inn í stundaskrá nemenda bæði í 1. og 2. bekk sem var nýbreytni í fyrra og gaf góða raun. Með öflugum skólastarfi á öllum stigum stuðlum við að heilbrigðum og öflugum einstaklingum sem eru reiðubúnir að taka á sig ábyrgð í framtíðinni. Við eigum ávallt að stefna að því að hafa skólana okkar í fremstu röð. Það er hlutverk okkar í bæjarstjórn að standa vörð um þetta góða starf og styðja við á allan hátt og á það vil ég leggja áherslu. Einhugur hefur ríkt í skólanefnd og bæjarstjórn um skólana og eflingu þeirra síðustu ár og það vil ég sjá áfram. Það hefur verið ánægja að styðja við þetta góða starf og ég er reiðubúin til þess áfram njóti ég til þess trausts.

Sigrún Edda Jónsdóttir, býður sig fram í 2.-3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokks Seltirninga.

## Sykurhreinsun sem virkar!

Hárfín blanda króms, kanilsextraks og alfa línólin sýru sem virkar á aðeins 7 dögum.

Hjálpar þér á beinu brautina.

Hefur slegið í gegn í Bretlandi. Fær frábæra dóma hjá Íslendingum.



Fæst í Systrasamlaginu, Óðinsgötu 1. Í netsölu á [www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



## UMHVERFISHORNID

### Fugl mánaðarins - Maríuerla

Maríuerla er lítill og kvikur spörfugl; hún er með langt stél sem hún veifar í sífellu. Hún er strjáll varpflugl og farflugl á Seltjarnarnesi. Maríuerlan fer að sjást um miðjan apríl og sést fram í byrjun september. Hún er meira áberandi síðsumars og sést í margs konar landi, bæði í fjörum, sem og við tjarnir og tún. – Maríuerlan var mun tíðari varpflugl á Framnesinu. Þá varp hún í gömlum kofum og útihúsum, viðarhlöðum, steinhleðslum og fiskihjöllum; þessum varpstöðum hefur nú fækkað mikið. Kringum 1955 var talið að um 5 þyrpu á Seltjarnarnesi. Árið 1986 var áætlað að 10 þyrpu yrpu. Sumarið 2017 fundust þrjú þyr á Framnesi. Auk þess verpa þær hér og hvar í byggðinni, svo ætla má að varppörin á öllu Nesinu séu nálægt tugnum. Það er tilvalið að setja upp varpkassa fyrir maríuerlur, t.d. á hús og byggingar: <https://fuglavernd.is/voruflokkur/fuglahus/>



Maríuerla að fæða unga á bílastæðinu við golfvöllinn í Suðurnesi.

Texti og mynd: Jóhann Óli Hilmarsson, [johannoli.com](http://johannoli.com)

### Merkingum á hættulegum efnavörum í matvöruverslunum ábótavant í 85% tilvika

Þeir sem setja á markað vörur sem innihalda hættuleg efni eru ábyrgir fyrir því að umbúðir varanna séu rétt merktar og skulu þær vera á íslensku. Seljendum er óheimilt að hafa í sölu hættulegar vanmerktar vörur.

Þetta er megininntakið í reglum um merkingu hættulegra efna sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins og öðluðust fullt gildi þann 1. júní 2017 eftir langt aðlögunartímabil. Það þýðir að merkingar samkvæmt eldri reglum skulu nú alfarið heyrta sögunni til.

Umhverfisstofnun stóð nýlega fyrir eftirlitsverkefni með merkingum á vörum sem innihalda hættuleg efni og náði umfang þess til algengra neysluvara fyrir almenning eins og uppþvottavélafna, uppþvottalaga, stíflueyða, uppveikilaga og salernis-, uppþvottavéla-, bletta, ofna- og grillhreinsa. Farið var í 12 matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi og Akureyri og skoðað úrtak með 60 vörum í ofangreindum vöruflokkum, sem þar voru í sölu, til að athuga hvort merkingar þeirra væru í samræmi við reglur.


Einungis 15% varanna sem lentu í úrtaki reyndust standast allar kröfur um merkingar. Á kökuritinu sem fylgir fréttinni má sjá hvernig frávikin skiptust en algengasta frávik var að vörurnar vantaði algerlega íslenskar merkingar, eða í 38% tilfella. Um 42% varanna voru merkt á íslensku samkvæmt núgildandi reglugerð en með einhver misalvarleg frávik. Þá reyndust þrjár vörur (5%) vera merktar samkvæmt eldri reglum.

Öllum birgjum sem ábyrgir voru fyrir vörum sem báru ófullnægjandi merkingar var sent bréf þar sem krafist var viðeigandi úrbóta. Langflestir brugðust við á fullnægjandi hátt innan frestsins sem gefinn var, en í nokkrum tilfellum kom þó til eftirfylgni. Voru þeim birgjum send áform um áminningu, en þar sem þeir brugðust við kröfum stofnunarinnar innan tilsettra tíamarkna kom ekki til frekari eftirfylgni.

Niðurstöður eftirlitsins gefa til kynna að merkingum á efnavörum hér á landi sé verulega ábótavant og að þörf sé á átaki til lagfæringa hjá birgjum sem bera ábyrgð á því að þessar vörur séu rétt merktar. Umhverfisstofnun mun áfram fylgjast náið með merkingum hættulegra efnavara á markaði og standa fyrir eftirliti til að fylgja því eftir að farið sé að reglum hvað þetta varðar.

Heimildir: Umhverfisstofnun

F.h. umhverfisnefndar, Margrét Pálsdóttir formaður.



GERIR HÚÐ ÞINNI KLEIFT AÐ TAKA UPP  
**50% MEIRA SÚREFNI\***

**NÝJUNG**

**GEFUR ÞREYTTRI HÚÐ ORKU  
OG MINNKAR FÍNAR LÍNUR**

NIVEA.co.uk

\*prófað í tilraunaglassi



## Grunnskóli Seltjarnarness

# Innritun fyrir skólaárið 2018-2019

Til foreldra 6 ára barna og nemenda  
sem flytjast til Seltjarnarness frá  
öðrum sveitarfélögum



Innritun barna sem fædd eru árið 2012 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2018 fer fram dagana 22.-26. janúar næstkomandi.

Sömu daga fer fram innritun skólaskyldra barna og unglunga sem flytjast til Seltjarnarness eða koma úr sjálfstætt starfandi skólum. Innritun í Grunnskóla Seltjarnarness fer fram í gegnum vefgátt bæjarins, *Mínar síður*, á slóðinni [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Nánari upplýsingar og aðstoð veitir starfsfólk Grunnskóla Seltjarnarness í síma 5959200.

Fyrirspurnir er einnig hægt að senda á netfangið [grunnskoli@grunnskoli.is](mailto:grunnskoli@grunnskoli.is)

Skólaskrifstofa Seltjarnarnesbæjar



## Tryggjum góðan sigur í vor

Í prófkjöri okkar Sjálfstæðismanna 20. janúar liggur mikilvægt verkefni fyrir. Að stilla upp sigurstranglegum framboðslista þar sem huga þarf að mörgu, ekki síst fjölbreytni frambjóðenda og aðgreiningu frá mótherjum okkar. Annars næst ekki góður sigur í komandi kosningum. Við stefnum að sjálfsgöðu að því að ná fimm manna meirihluta aftur.

Ég vil lækka fasteignaskatta en þeir hafa hækkað gegndarlaust með hækkanði fasteignaverði. Ég hef beitt mér fyrir að álagning fasteignaskatts hefur lækkað nokkuð en íbúðaverð hefur hins vegar hækkað um meira 50% á nokkrum árum. Ég vil enn fremur nýta tækifæri til þess að lækka útsvar, enda hefur launavísitala hækkað um tæp 30% síðustu þrjú árin og útsvarstekjur bæjarins styrkst verulega. Seltirningar greiða hæsta útsvar á íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Ég hef verið formaður íþrótt- og tómsundaneftndar og setið í skólanefnd á þessu kjörtímabili. Þetta eru og verða mikilvægustu málaflokkar bæjarins áfram. Leikskólar eru nú yfirfullir og grunnskólarnir fyllast hratt aftur. Ryðja þarf brautina fyrir einkarekinn leikskóla. Á næstu misserum þarf svo að gæta sérstaklega að elsta aldurshópi bæjarins, enda fer hann hratt stækkandi.

Nálgast þarf skipulagsmál markvissar og með mun minni hamagangi en hingað til, í sátt við skýran vilja bæjarbúa. Óhófleg fjölgun stórra blokka í bæjarfélaginu okkar kemur okkur í óefni, þó tryggja þurfi hóflegt framboð íbúða, ekki síst fyrir yngstu og elstu kaupendur.

Gæta þarf miklu mun betur hagsmuna okkar í skipulagsmálum borgarinnar, ekki síst hvað snýr að umferð. Óraunhæfar hugmyndir um Borgarlínu þarf að kryfja til mergjar og kynna Seltirningum, ekki eingöngu himinháa fjárfestingu, heldur einnig rekstur sem stenst enga skoðun. Eðlilegra er að efla Strætó með frekari forgangsakstri og tíðni ferða til að grynna á umferð.

Það er hægt að gera stjórnsýsluna mun einfaldari og skilvirkari þar sem gagnsæi skattgreiðenda á að vera í fyrirrúmi. Bókhald bæjarins á að vera opið öllum í gegnum vefsvæði bæjarins þar sem skattgreiðendur geta nálgast tölur úr rekstri málaflokka og upplýsingar um viðskiptaaðila bæjarins. Ekki á að hika við að beita rafrænum kosningum um stór mál sem skipta bæjarbúa miklu máli.

Kæru Sjálfstæðismenn. Kjósið fólk sem er líklegast til að efla Seltjarnarnesið enn frekar með skynsemi í fararbroddi, ekki síst í rekstri og fjárfestingu. Tryggið með uppröðun ykkar að Sjálfstæðismenn stjórn Seltjarnarnesbæ áfram með sterkum meirihluta.

*Magnús Örn Guðmundsson, viðskiptafræðingur og bæjarfulltrúi, býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðismanna 20. janúar nk.*



Magnús Örn  
Guðmundsson.

## Guðrún Jónsdóttir – gefur kost á sér í 4.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi



Meðal helstu stefnumála:

- **Betri þjónusta við barnafólk.** Taka þarf leikskólabörn oftast inn í leikskólann yfir árið.
- **Leikskólinn undir eitt þak.** Leikskólinn sameinaður í eina nýbyggingu í stað þriggja bygginga í dag
- **Áhersla á útivist.** Aukum þjónustu og eftirlit bæjaryfirvalda með leikvöllum og göngustígum í bænum.
- **Bættar samgöngur.** Eflum allar tegundir samgangna til og frá Seltjarnarnesi með framtíðarskipulag í huga.
- **Kirkjugarð í bæjarfélagið.** Aðal- og deiliskipulag endurskoðað með það að leiðarljósi að gert verði ráð fyrir kirkjugarði innan bæjarmarka.
- **Forvarnir og heilsa.** Öflugt íþrótt- og tómsundastarf er mikilvægasta forvörnin. Höldum áfram uppbyggingu öflugsbarna- og unglíngastarfs í bænum.
- **Forgangsröðun.** Leggja þarf áherslu á ábyrgð og gegnsæi í fjármálastjórn bæjarins. Skipulagsmál þarf að vinna með hagsmuni Seltirninga í huga og í sátt við bæjarbúa.



*F. Mutti*

*Mest selda tómatarvaxa*  
*Italiu*

# HVERNIG TÓMATA KAUPIR ÞÚ?




TÓMATAR 99,8%  
SALT 0,2%

## EÐA?

VATN OG ÖNNUR  
AUKAEFNI 30-40%

TÓMATAR 60-70%



# MUTTI EINSTAKIR TÓMATAR

# Náum árangri

Það eru mörg tækifæri á Seltjarnarnesi til þess að gera betur og það er hverju bæjarfélagi hollt að hafa metnað til þess að gera stöðugt betur. Það á að vera grunnstefið í daglegum leik og starfi hérna á Seltjarnarnesi ásamt því að vera

í forystu hvað varðar náttúruvernd og fegrun bæjarins.

Reksturs bæjarsjóðs, ráðdeild og meðferð sameiginlegra sjóða þarf alltaf að vera ofarlega á lista þeirra sem stýra og ráðstafa skattfé Seltirninga. Rekstur

Seltjarnarnesbæjar hefur verið nokkuð stöðugur síðustu árin og það eru engar aðrar forsendur í kortunum en að svo verði áfram en minnkandi framlegð er áhyggjuefni. Mikið launaskrið hefur verið á vinnumarkaði síðustu ár og við það er ekki ráðið en rétt að benda á að laun- og launatengd gjöld bæjarsjóðs hafa vaxið jafnt og þétt frá 2012 til ársins 2016 þ.e. farið úr 54% í 65% af rekstrartekjum, en 54.3% af skatttekjum fóru í fræðslu- og uppeldismál 2016 sem sýnir glögg mikilvægi málaflokksins. Málaflokkurinn laun og launatengd gjöld hafa því vaxið um rúm 40% á þessu tímabili á meðan tekjur hafa einungis aukist um 20%.

Þegar ég lít til til baka þá er ég þakklátur fyrir að búa í bæjarfélagi sem hefur tekist það sem mörgum öðrum bæjarfélögum hefur ekki tekist þ.e. að vera með reksturinn réttum megin og veita öfluga þjónustu á flestum sviðum samfélagsins. Dæmi um það er metnaðarfullur rekstur á einum stærsta leikskóla landsins sem styður duglega við barnafólkið en það þarft samt að fara að huga að stækkun leikskólans þar sem allar deildir eru fullar. Við megum líka vera stolt af öflugum íþrótt- og æskulýðsstarfi og sómi er af, en umfram allt þá eigum við að vera þakklát fyrir gott fagfólk sem sinnir störfum sínum af eljusemi og stjórnendur sem hafa haft metnað til þess að gera betur og leiða okkur áfram í daglegu starfi.

Við megum heldur ekki gleyma því að kraftmikið menningarstarf er rekið á Seltjarnarnesi í gegnum sjálfstæð félög sem eru mikilvæg fyrir samfélag okkar, auk þess sem að margir eldri borgar hittast í kirkjunni okkar sem að þjónar líka listum og menningu af myndarskap. Styrkja þarf slíkt starf og gera íbúum kleyft að sinna sínum áhugamálum enda eru það sjálfsögð mannréttindi.

Ég hef að vel athuguðu máli ákveðið að bjóða fram krafta mína til þess að starfa í þágu bæjarbúa. Við þurfum umfram allt skapandi hugsun og allt skýra framtíðarsýn hvernig við viljum haga málum hérna á Seltjarnarnesi, til að mynda í samgöngu- og skipulagsmálum

þar sem umferðin inn og út á Seltjarnarnes er skoðuð sérstaklega með tilliti til samkomulags sem gert var 2013 við Reykjavíkurborg. Auk þess eru aðrar áherslur:



Guðmundur Helgi Þorsteinsson.

- Framtíðarnesið 2028 stefnumótandi ráðstefna
- Opin og gagnsæ stjórnsýsla
- Hverfalyðræði
- Skipulags- og samgöngumál tekin til endurskoðunar
- Styrkja skipulag um umhverfis- og náttúruvernd
- Lýðheilsa, íþróttastarf, forvarnir fyrir unga sem aldna
- Verkbók framkvæmda og umsýsla verktaka gerð aðgengileg á heimasíðu Seltjarnarness
- Fegrin og viðhald gatna bundin áætlun
- Bæta kjör aldraðra markvisst og uppfærða þá sem þurfa á þjónustu bæjarins að halda um réttindi sín
- Móta hugmynd um umboðsmann íbúa

Franski rithöfundurinn Victor Hugo sagði, „ekkert er öflugra en hugmynd sem kemur fram á réttum tíma“. Ég vil starfa í þessum anda að virkja fólk til þess að koma fram með nýjar hugmyndir sem tryggja eðlilegan framgang og framþróun Seltjarnarness.

Guðmundur Helgi Þorsteinsson, höf. er með meistaragráðu í nýsköpun, stefnumótun og breytingarstjórnun frá háskólanum í York st. John, York á Englandi hann sækist eftir 3. - 4. sæti á lista sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi.

## Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík  
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

### Opunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.  
13:00-14:30

Fimmtudaga  
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga  
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga  
13:00-17:00

### Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

## Flöskumóttakan hjá SORPU í Ánanaustum verður lokuð 19 – 28 febrúar vegna breytinga.

Við undirbúum bætta þjónustu og því verður flöskumóttakan í Ánanaustum lokuð vegna breytinga. Brugðist er við auknum skilum á flöskum og dósnum með því að fjölga í tvær móttökuvélar. Jafnframt vegna plássleysis verður hætt móttöku á beygluðum umbúðum. Beyglaðar umbúðir má fara með á allar aðrar flöskumóttökur. Önnur starfsemi endurvinnslustöðvar SORPU er óbreytt á þessum tíma.

Við biðjumst afsökunar á því ómaki sem þetta veldur og bjóðum ykkur velkomin í endurbætta móttökustöð þann 28. febrúar.

Endurvinnslan og SORPA



# Kæri nágranni

Þann 20. janúar er prófkjör Sjálfstæðisfélags Seltirninga fyrir sveitarstjórnarkosningarnar og gef ég kost á mér í 3. sæti listans.

Við búum í góðu og stöndugu bæjarfélagi. Sú staða er hins vegar ekki sjálfgefin og því er mikilvægt að sofna ekki á verðinum. Það er auðvelt að halda í horfinu og láta þetta allt saman „rúlla“ áfram og jafnvel með viðhorfinu að þetta hafi alltaf verið svona og gengið bara ágætlega.

En tímarnir breytast hratt og samfélag okkar verður að fylgja þróuninni til að dragast ekki aftur úr. Við þurfum að horfa til framtíðar og mynda heildræna stefnu um það hvernig við ætlum að takast á við aukna umferð, fleiri börn í leik- og grunnskóla, hækkandi aldur bæjarbúa og hvernig við getum bætt um betur í þjónustu, ekki síst við fatlaða einstaklinga og fjölskyldur þeirra.

Ég hef á síðustu 4 árum fengið mikla og góða innsýn í bæjarmálin og hvernig innra starfið gengur fyrir sig enda tók ég sæti sem varaformaður Íþróttá og tómskundanevndar 2014. Margt hefur verið vel gert og annað má bæta. Það sem skín í gegnum þetta allt er að það fer ekki alltaf saman hverjir „vilja“ vinna fyrir bæinn og hverjir vinna svo raunverulega fyrir alla bæjarbúa. Því þarf að vanda valið og vera viss um hvaða einstaklingar muni vinna vinnuna, ekki bara fyrir þig heldur alla bæjarbúa. Við vitum öll hverjir eru virkir og taka til hendinni ef á þarf að halda, hverjir hafa áhuga, bera hag allra fyrir brjósti og vilja sjá samfélagið okkar blómstra og dafna. Ég skorast ekki undan þeirri ábyrgð.

Ég hef á síðustu 17 árum lagt mitt af mörkum til að gera bæinn okkar betri, skemmtilegri og þægilegri. Hvort sem um er að ræða félags- eða nefndarstörf á vegum Gróttu, leikskólans, grunnskólans eða setja á laggirnar bæjarhátíð, koma umsóknum ÍTS í rafrænt ferli

eða setja upp Heilsudaga svo að bæjarbúar geti kynnt sér allt sem tengist lýðheilsu í bænum okkar. Öllum verkum tek ég opnum örmum og læt ekki mitt eftir liggja.

Ég tel það jafnréttismál að leysa dagvistun barna að loknu lögbundnu fæðingarorlofi og vil sjá nýjan leikskóla byggðan sem sameinar allar þrjár starfsstöðvarnar í eina byggingu með nútíma vinnuástöðu fyrir starfsmenn og börnin okkar. Ég vil bæta húsnæðismál fyrir dagvistun og tómskundastarf aldraðra og taka upp sérstaka lýðheilsuheilsustefnu fyrir eldri borgara með það að markmiði að fólk geti búið lengur heima og sem styrkir félagslega virkni. Ég vil að málefnum fatlaðra sé komið á hendur eins aðila, sérstaks tengiliðar, svo að fjölskyldur fatlaðra



Sigríður Sigmarsdóttir.

einstaklinga geti leitað á einn stað eftir aðstoð. Síðast en ekki síst vil ég auka endurvinnslu bæjarbúa og einfalda íbúum að flokka enn frekar heimilissorpið. Þetta ásamt sterkri fjármálastjórn og lækkun fasteignaskatta eru mín áherslumál.


Því leita ég eftir stuðningi þínum kæri nágranni og gef kost á mér í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisfélagsins.

Sigríður Sigmarsdóttir  
varaformaður  
Íþróttá- og tómskundanevndar

- VERIÐ VELKOMIN -

# Arna

ís- og kaffibúar



**VERIÐ VELKOMIN  
TIL OKKAR Á EIÐISTORGÍÐ**

Við bjóðum upp á kaffi og ótal bragð-  
tegundir af dásamlegum Örnú ís.

**OPIÐ 9-21 ALLA DAGA**  
EIÐISTORG 15 · 170 SELTJARNARNES

**Eirádag**  
KEMUR HEILSUNNI Í LAG

**20%  
AFSLÁTTUR**  
18. JAN - 28. FEB

Reykjavíkur  
Apótek

**FALLEGIR LEGSTEINAR**



Á GÓÐU  
VERÐI

Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



## Lovísa Thompson íþróttamaður Gróttu

Handknattleikskonan Lovísa Thompson hefur verið valin íþróttamaður Gróttu. Lovísa er þrátt fyrir ungan aldur orðin ein öflugasta handboltakona landsins. Lovísa er fædd árið 1999 og hefur leikið fimm keppnistímabil með Gróttuliðinu. Lovísa tryggði sér sæti í A landsliði kvenna árið 2015 eða þegar hún var einungis 16 ára gömul. Í dag leikur hún stórt hlutverk með A landsliðinu og hefur leikið sjö landsleiki og skorað í þeim 10 mörk. Hún á einnig fast sæti í U-20 ára landsliði Íslands og er þar í burðarhlutverki en liðið náði góðum árangri á árinu 2017.

Á keppnistímabilinu 2016 til 2017 var Lovísa lang markahæsti leikmaður liðsins með 110 mörk í þeim 20 leikjum sem hún lék með liðinu. Hún var auk þess lykilmáður í varnarleik liðsins. Lovísa er í dag fyrirliði Gróttuliðsins í Olís deild kvenna. Lovísa er góður félagi og gefur ávallt mikið af sér til liðsfélaga sinna. Hún kemur vel undirbúin í öll þau verkefni sem hún tekur sér fyrir hendur. Lovísa er jákvæð og góð fyrirmynd fyrir yngri flokka félagsins og

hefur meðal annars komið að þjálfun yngri flokka undanfarin ár. Að öðrum ólöstuðum er Lovísa einn öflugasti íþróttamaður á Seltjarnarnesi. Hún var kjörin íþróttamaður æskunnar hjá Gróttu aðeins 16 ára gömul - að verða 17 og hefur stundað handboltann hjá Gróttu frá níu ára aldri. Lovísa er talin einn efnilegasti handboltamaður landsins og var í U18 ára og U 20 ára landsliðið þrátt fyrir að vera undir þeim aldursmörkum. Lovísa hefur tvisvar orðið Íslandsmeistari með Gróttu og valin í A-landslið kvenna í handbolta. Lovísa hefur lengi verið viðloðandi íþróttalífið á Nesinu. Hún byrjaði aðeins í fimleikum og var líka í fótbolta, handbolta og dálítið í sundi. "Ég prufaði þetta allt saman en mér líkaði alltaf best við handboltann og svo fór að ég lenti það. Ég er að vísu ekki mjög hávaxin en þetta hefur alveg sloppið þótt gott sé að vera í hærra lægi í skyttunni. Sprengikrafturinn skiptir líka miklu og maður verður bara að nýta það sem maður hefur," sagði Lovísa í spjalli við Nesfréttir í tilefni þess að hún var valin íþróttamaður æskunnar á sínum tíma.



Lovísa Thompson.

## Sóley íþróttamaður æskunnar

Sóley Guðmundsdóttir er íþróttamaður æskunnar hjá Gróttu. Kjör íþróttamanns Gróttu og íþróttamanns æskunnar fór fram fimmtudaginn 4. janúar í hátíðarsal Gróttu. Sóley Guðmundsdóttir var valinn íþróttamaður æskunnar. Sóley er 14 ára gömul og hefur æft fimleika hjá Gróttu frá fimm ára aldri. Hún er góð fyrirmynd annarra barna. Hún mætir vel á æfingar og leggur sig alla fram, er vinnusöm og dugleg en það hefur skilað henni þeim góða árangri sem hún hefur náð, segir í frétt frá félaginu.

Árangur Sóleyjar á þessu áru: Á þrepamóti FSÍ sigraði Sóley á tvíslá, slá, gólfi og í fjölþraut í 1. þrepi. Á bikarmót var Sóley var í bikarliði Gróttu sem að varð bikarmeistari í 1. þrepi. Á Íslandsmót í þrepum var Sóley varð Íslandsmeistari í 1. þrepi.

Á Íslandsmeistaramót í áhaldafimleikum 2017: Sóley varð í 4. sæti í fjölþraut í unglíngaflokki og komst í úrslit á tvíslá, slá og gólfi. Hún varð Íslandsmeistari unglíngna á slá. Sóley varð í 7. sæti í fjölþraut í unglíngaflokki á Reykjavík International Games. Keptti á Málarcupen í Svíþjóð og varð í 19. sæti í fjölþraut í unglíngaflokki af alls 61 keppanda. Þá var hún sjötta á meðal efstu keppenda á stökki. Sóley var valin í 11 manna landsliðshóp unglíngna í maí fyrir NMJ. Nú í haust var hún valin í 10 manna úrvalshóp unglíngna hjá FSÍ. Hópurinn mun æfa saman reglulega í vetur og taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum FSÍ. Sóley byrjaði í vetur að aðstoða við þjálfun þriggja, fjögurra og fimm ára barna hjá fimleikadeildinni og hefur það gengið mjög vel.



Sóley Guðmundsdóttir.



POP UP

SLIPPURINN  
VESTMANNAEYJUM

á Apotekinu 24.-28. janúar

7 rétta girnilegur matseðill sem endurspeglar helstu rétti gestakokksins Gísla Matthíasar Auðunssonar á veitingahúsinu Slippnum. Skoðaðu seðilinn á [apotek.is](http://apotek.is)

Borðapantanir í síma 551 0011

APOTEK  
KITCHEN+BAR

Austurstræti 16 / [apotek.is](http://apotek.is)

# Porrablót Seltirninga

## 27. janúar

Það verður mikið um dýrðir þann 27. janúar næstkomandi þegar hið árlega Porrablót Seltirninga verður haldið í Félagsheimilinu.

Uppselt hefur verið á blótið síðustu ár en þegar Nesfréttir fóru í prentun voru örfáir miðar lausir. Dagskráin verður ekki af verri endanum en Logi Bergmann verður veislustjóri og Selma og Regína Ósk munu mæta á svæðið og syngja nokkur vel valin stuðlög. Hapdrættið verður á sínum stað og þá mun DJ Atli halda uppi stuðinu á dansgólfinu fram á rauða nótt. Íþróttafélagið Gróttta hefur veg og vanda að skipulagningu blótsins en maturinn kemur frá Veislunni.



# GÓLF- MOTTUR

við innganginn borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreinindum og bleytu

**KJARAN**

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Thelma Hrund Sigurbergsdóttir sem er virkur meðlimur í Ungmennaráði Seltjarnarness, hún situr einnig sem áheyrnarfulltrúi í fjölskyldunefnd bæjarins.

**Fullt nafn?** Thelma Hrund Sigurbergsdóttir.

**Fæðingard. og ár?** 16. mars 1999.

**Starf?** Nemandi.

**Farartæki?** Bíll.

**Helstu kostir?** Jákvæð og lífsglið.

**Eftirlætis matur?** Mexíkóskur.

**Eftirlætis tónlist?** Jólalög.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Katrín Helga systir mín.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Gossip girl.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

The Help.

**Uppáhalds leikari?** Dwayne Johnson.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**

The last song.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?**

Er með vinum mínum.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Haganesvík í Skagafirði.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?**

Heiðarleika og jákvæðni.

**Hvern vildir þú helst hitta?**

Oprah eða Michelle Obama get ekki valið.

**Uppáhalds vefsíða?** Leikjanet.is



**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Hvolp.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í hapdrætti?** Fara í heimsreiðu og leggja rest inn á banka.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?** Krefjast þess að Hagkaup væri opið 24/7.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?** Stefni á að klára stúdentsinn í vor og svo er ekkert planað.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Ég fór á þjóðhátíð í Eyjum og vann.



www.systrasamlagid.is



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





## HANNES TRYGGVI HAFSTEIN Í 3.-5. SÆTI MÓTUM FRAMTÍÐINA SAMAN

### Kæri Seltirningur.

Ég gef kost á mér til setu í bæjarstjórn og óska eftir stuðningi þínum í 3.-5. sæti listans í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins sem fram fer þann 20. janúar 2018 milli klukkan 10-18 að Austurströnd 3.

### Helstu áherslur:

- ✓ Halda álögum á íbúa í lágmarki, lækka fasteignagjöld og útsvar.
- ✓ Tryggja öfluga þjónustu við eldri borgara m.a. með því að gera þeim kleift að búa sem lengst í eigin húsnæði og huga að nýjum þjónustuíbúðum.
- ✓ Öll börn fái 50.000 kr. frístundastyrk frá 2 ára aldri.
- ✓ Nýr leikskóli fyrir 1-5 ára börn og stefna að gjaldfrjálsum leikskóla.
- ✓ Skólar áfram í fremstu röð og fri námsgögn fyrir grunnskólanema.
- ✓ Standa vörð um Vestursvæðin (engin byggð), Gróttu, fjörur, náttúru og fuglalíf. Stýra ört fjölgandi umferð ferðamanna um svæðið.
- ✓ Skipulagsmál verði ávallt unnin í sátt við íbúa og umhverfi.
- ✓ Stuðningur við félagasamtök á Seltjarnarnesi þ.m.t. Gróttu og Nesklúbbinn.

**TRYGGJUM NÝLIÐUN  
Í BÆJARSTJÓRN**

**Hannes Tryggvi Hafstein**  
Formaður Sjálfstæðisfélags Seltirninga